

*William James: Ódauð-
leiki mannsins. Guðmund-
ur Finnbogason þýddi. Rvfk.
1906. (Guðm. Gamalielsson).*

Að það skuli vera dauðasök að fæðast í þennan heim er eins undarlegt og það er óskemtilegt. Og enginn hlutur er til undarlegri eða óskemtilegri.

Maðurinn er eina skepnan, sem veit að lífið er að eins leiðin til dauðans, sem veit, að erfiðleiki lífsins endar á því sem erfiðast er. Hin algenga óbeit á sannleikanum stafar eflaust nokkuð af því, að sannleikurinn er svo oft ófagur, og þeir verða færri, sem gera sér ljóst, að dreggj- ar lyginnar eru beiskari en nokkur sannleikur, og geta því tekið undir með skáld- vitringnum Göthe:

Ófrýni sannleikur ann eg þér meir
en indælis lygi.

Er það ekki af þeirri ástæðu sem nú var dregið á, sem öllum þykir svo miklu vænna um þá, sem gabba þá, heldur en hina, sem leitast við að beina þeim leið til sannleikans? Er það ekki af svipaðri ástæðu, sem hinn æðsti heidurstitill, orðið „heilagur“, hefir aldrei verið settur fram- an við nafn neins af mestu vitringum mannkynsins?

Aldrei er nefnur hinn heilagi Sókrates, hinn heilagi Plató eða hinn heilagi Aristoteles, en aftur á móti hinn heilagi Ágústínus o. s. frv.; og voru þó kirkjufé- urnir ekki annað en sorglegar skrípa- myndir í samanburði við hina heiðnu vitringa, sem ég nefndi. Og aldrei voru, af islenzkum forn mönnum, nefndir heilag- ir Ari og Sæmundur eða Snorri, heldur Jón og Þorlákur og hinn skadlegi þrá- kálfur Guðmundur Arason.

Er það ekki sprottið af skyldri rót, að „heimspekingar trúar-bugsjónanna“ njóta meiri hylli hjá lýðnum en nokkrir aðrir heimspekingar?

Skammsýni lýður, sem gætir ekki að því, að trúarspekingur er ekki sama sem trúður spekingur.

Ef satt skal segja, þá eru trúaðir heim- spekingar jafn sjaldgæfir og heitur ís eða kaldur logi, eins og eftirfarandi hugleið- ing mun sýna.

Trúmennirnir skiftast í tvo flokka; í fyrsta lagi þá, sem eru sannfærðir um að eitthvað sé, og í öðru lagi þá, sem eru sannfærðir um að eitthvað sé *ekki*. Þeir sem eru sannfærðir um að guð sé *ekki* til, að maðurinn sé *ekki* ódauðlegur, eru engu síður trúmenn heldur en hinir, sem eru fullvissir um að guð sé til og maður- inn ódauðlegur. Báðir flokkar trúmanna eiga sammerkt í því, að þeir þykjast hafa höndlað sannleikann og leita því eðlilega ekki að honum frammar. Hinum, sem ef- ast um það, sem þeir telja sannleika, vilja þeir útrýma, og er þeim miklu nær skapi, að styðja skoðanir sínar við bál og brand, en við röksemdir. Saga trúarbragðanna sýnir nógsamlega, að þetta eru engar ýkjur; en trúmennirnir hinu megin við merkið hafa verið svo fámennir og valdalitlir að þeirra hefir lítið gætt og auk þess leiðir þesskonar trú miklu síður til ofstækis.

En einkenni heimspekingsins er að hann þráir sannleikann og leitar hans, þó að hann viti, að hann getur aldrei öðlast hann til fulls. Heimspekingurinn er van- trúarmaður; því aðeins er hann að leita. Og ég get ekki stílt mig um að drepa hér á það, sem of fáum virðist vera ljóst, að allar framfarir í því, sem venju- legast er nefnt trú, eru vantrúarmönnum að þakka. Þetta er í augum uppi, því að frá hinum fullkomna sannleika trú- mannanna, getur engin framför orðið, og trúarbragðafrelsi er í augum þeirra að eins frelsi til að villast. Jesúitum hefir ekki orðið vandræði úr því að „sanna“, að slíkt frelsi sé í rauninni versta ófrelsi.

Svo mjög sem þrá heimspekingsins eft-

ir sannleikanum er til heilla fyrir mannkynið, þá er hún — af þeim ástæðum, sem að ofan var dregið á, og öðrum — sjálfum honum vanalega til alls annars. Bruno kom hún á bálið, mörgum hefir hún komið á kaldan klakann; enginn er sá, sem er að nokkrum mun haldinn af þránni eftir að skilja, að hann biði að minsta kosti ekki tjón á vistfangaviti sínu.

Svo ófullkomin er mannleg skynsemi. Hún er fyrst og fremst verkfæri til að hafa ofan af fyrir sér, vistfangavit, eins og skynsemi hundsins og hestsins. Og eins og hundurinn er fundvísari á ketbita á leið sinni, heldur en húsbóndi hans, eins er hversdagsmaðurinn vanalega duglegri til „vistfanga“ heldur en vitringurinn, sem starir út í geiminn, hugsí yfir leyndómum tilverunnar, er skammvinn skynsemi hans fær ekki upplýst fremur en stjörnuhrap alheiminn, eða „lítur eftir veginum fremri“ fyrir mannkynið og ryður götu ókominna kynslóða. Af þessu kemur það, sem algengt hefir verið á öllum tímum, að eiturbyrlarar og prangarar og jafnvel ósjaldan þjófar og ræningjar hafa reist sér hallir, en vitringar oft ekki „átt sér hreysi“. Diogenes bjó í tunnuni eins og kunnugt er.

Gildi heimspekinganna má nokkuð meta eftir því hve fljótt og einnig hve alment ritum þeirra er veitt eftirtekt. Riti Arturs Schopenhauers: „Heimurinn vilji og vitund“ (Die Welt als Wille und Vorstellung) var alls enginn gammur gefinn um hálfan mannsaldur eftir að það kom út. Þegar kom út fyrsta bindið af hinu mikla riti Herberts Spencers, þar sem er í fyrsta sinn sett fram allsherjar „verðandi“ (evólutionar) kenning, þá var í einu af helztu bókmenntatimaritum enskra eytt að þessum heimsviðburði færri orðum en að ritgerð einni um gamlar kirkjuklukkur í ég man ekki hvaða sókn á Englandi.

En þessir tveir menn, Plató og Aristoteles nýja tímans, hafa sennilega verið vitrustu mennirnir, sem mannkynið hefir eignast í meira en 2000 ár, ef þeir hafa þá ekki fullkomlega jafnast við grísku spekingana, sem ég nefndi.

Af síðustu tíma spekingum hygg ég, að William James muni standa „heilagleikanum“ allmiklu nær en Herbert Spencer, svipa meira að andlegri gerð til Ágústínusar en til Aristotelesar. Og í góðu samræmi við það er, að ritstörf James hafa verið æðimiklu fljótari til að vekja eftirtekt heldur en þau rit sem ég nefndi; einnig ritgerðin um ódauðleik mannsins. Ekki segi ég þetta af því, að ritgerðin sé ekki fróðleg og vel þess verð að lesa hana; hún ber vitni um mælsku, lærdóm og skáldlega andagift höfundarins, og þýðingin eftir magister Guðm. Finnbogason er mjög vönduð og hefir þó verið vandaverk; hefir þýðandinn orðið að nýyrða mjög og er ritgerðin auðvitað þess vegna nokkuð erfið aðlestrar sumstaðar.

Sú skoðun, sem James telur líklega er í fáum orðum sú, að heilar vorir séu eins og nokkurskonar hált-gagnsær blettir, sem gægjast í gegnum geislar frá því sem er „á bak við tjöldin“. Eg er viss um, að alt greindarfólk — og af því kvað vera margt á landi hér, þó að litt sjái það á félagatölu bókmenntafélagsins — mundi hafa mjög gaman af að lesa alla skýringu James á þessu atriði og ekki sízt af athugasemdunum aftan við. Ekki fæ ég séð, að skoðun þessari verði hrundið með rökum, en hitt er mér ekki ljóst, hvernig James gæti með þessari skoðun „einangrað“ sálirnar hinumegin við djúpið.

Trúin á það, að maðurinn lifi þótt hann deyi er, eins og greftrunarleifar steinaldarmanna bera ótvírætt vitni um, komin upp langt aftur á steinöld, mörgum þúsundum ára áður en nokkrar sögur hefjast. Svo afar gömul er andatrúin. Og það er auðfunduð — þegar aðrir eru búnir að finna það á undan oss — hvaðan sú trú er runnin. Menn sáu í draumi látna ættingja og vini og réðu af því, að þeir ættu sér ennþá einhverja veru. Það er líka unt að skilja tildrög þeirrar trúar, að *sálin* lifi þótt líkaminn deyi. Tvískiftingin í vökulíf og draumlíf kom á stað trúnni á sál og líkama. Mannkynið hafði fundið huggun við þeirri skelfilegu uppgötvun, að dauðinn vofir yfir öllu sem lifir.

Vér þykjumst nú vita, að fornmenn þessar byggðu sínar huggunarriku ályktanir um líf eftir dauðann á röngum grundvelli. En enga vissu höfum vér þó fyrir því, að sjálfar þessar ályktanir séu rangar. Það verður naumast sagt, að ódauðleikavonin sé von úr öllu viti. Dagleg reynsla virðist að vísu á sorglegasta hátt taka af allan efa í þessu efni og miða að því að gera oss að trúmönnum á alveldi dauðans. En vísindin sýna oss, hvernig hlutirnir, í raun réttir verða ekki að engu heldur breytast aðeins.

Og þó að mannlegri hyggju — og vér þekkjum því miður ekki með vissu neina æðri — sé enn þá ofvaxið að brúa svo djúp dauðans, að vonir vorar leggi þar öruggar út á, þá eru þó mikil líkindi til, að mannvitið aukist þegar tímar líða fram meir en vér getum nú gert oss í hug, og verði fært um að ráða við efni, sem nú eru því langt um of megn. Forfeður vorir fyrir 20000 árum höfðu fráleitt nokkurt allra minsta veður af því að til væri nokkur heims-gáta; er ekki næsta líklegt, að mannleg skynsemi geti eftir 20000 ár séð þar víða í botn sem nú virðist með öllu hyldýpi?

Helgi Pétursson.
